

Gjaldskrá

félagslegrar heimaþjónustu í Garðabæ

1. gr.

Útreikningar á fjárhæðum gjaldskrár miðast við hlutfall kostnaðar, stærð húsnæðis og verkmagn skv. þjónustusamningi. Gjaldflokkar eru 3 og eru eftirfarandi:

Gjaldflokkur 0. Kr. 0 /skipti.

Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir þjónustuvegar sem hafa eingöngu lágmarksframfærslu Tryggingastofnunar auk lífeyrissjóðstekna kr. 25.000. Frítekjumark er því kr. 325.000.

Þeir sem telja sig vera undanþegna gjaldskyldu skv. þessari grein þurfa að skila inn upplýsingum um allar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur.

Gjaldflokkur I Kr. 1.311 /skipti.

Húsnæði 150 fm. og minna. Þrif á gólfum og baðherbergjum.

Gjaldflokkur II Kr. 1.964 /skipti.

Húsnæði 150 fm. og minna. Þrif á gólfum og baðherbergjum og önnur verkefni skv. þjónustumati.

Gjaldflokkur III - Kr. 1.964 /skipti.

Húsnæði stærra en 150 fm. Þrif á gólfum og baðherbergjum.

Gjaldflokkur IV - Kr. 2.617 /skipti.

Húsnæði stærra en 150 fm. Þrif á gólfum og baðherbergjum og önnur verkefni skv. þjónustumati.

Gjaldflokkar miðast við greiðslur elli- og örorkulífeyrisþega. Aðrir þjónustuvegar greiða 20% hærra gjald. Gjald fyrir aðra þjónustu svo sem innlit og innkaup, er kr. 690 /klst. og kr. 345 fyrir ½ klst.

2. gr.

Hámarksgreiðslur þjónustuvega á mánuði miðast við 25 þjónustuskipti í gjaldflokki I eða samtals. kr. 32.758 á mánuði.

3. gr.

Gjald vegna heimsendingar matar er kr. 263.

4. gr.

Fjölskylduráði er heimilt, í undantekningartilvikum, að ákvarða lækkun eða niðurfellingu gjalds. Skal þá tekið tillit til fjárhags- og/eða félagslegra aðstæðna. Sækja skal um slíka undanþágu skriflega til fjölskylduráðs Garðabæjar, Garðatorgi 7.

5. gr.

Gjaldskrá breytist í janúar ár hvert, í fyrsta sinn 2010 í samræmi við breytingar á launavísitölu í nóvember á undangegnu ári.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 2. mgr. 29. gr. laga um félagslega heimaþjónustu nr. 40/1991, sbr. 10. gr laga 34/1997.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
6. nóvember 2008*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari*

Fjárhæðum breytt samkvæmt 5. gr. miðað við launavísitölu í nóvember 2018 670,6 stig með gildistíma frá og með 1. janúar 2019.